



Education and Culture DG


Lifelong Learning Programme

This project has been funded with support from the European Commission. This publication reflects the views only of the author, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.

13388-LLP-1-2007-FI-GRUNDTVIG-GMP

ELECT

Evrópsk námssamfélög til þjálfunar og kennslu fólks með geðræna sjúkdóma 2007–2009



ELECT verkefnið

Elect verkefnið (*European Learning Communities for Training of People with Mental Illness*) var sett á laggirnar til þess að styrkja klúbbhúsin sem námssamfélög og veita fólki sem er að ná sér eftir geðsjúkdóma aðgang að menntun og atvinnu. Að Elect verkefninu standa einstök klúbbhús, samtök klúbbhúsa og þjálfunarstöðva í sjö Evrópulöndum. STAKES sér um að skipuleggja verkefnið. Verkefnið er fjármagnað með styrk frá Menntaáætlun Evrópusambandsins.

Klúbbhúsin bjóða upp á annars konar námsumhverfi og námsmöguleika fyrir fólk sem er að ná sér eftir geðsjúkdóma. Starfsfólk klúbbhúsanna getur bætt grunnkunnáttu og námstækni nemenda með því að virkja þá og hvetja til að sækja margvísleg stutt námskeið, t.d. í starfsráðgjöf, upplýsingatækni og tungumálum. Klúbbhúsin gera nemendum kleift að finna sín námsmarkmið og námsleiðir sem henta hverjum og einum.

Verkefnið eykur samvinnu og tengsl á milli námssamfélaga klúbbhúsanna og menntastofnana í þátttökulöndunum. Verkefnið mun gera kleift að koma upp safni aðferða í menntun með stuðningi fyrir nemendur sem hafa áhuga á að stunda nám í menntastofnunum og nemendur sem hafa orðið að gera hlé á námi vegna geðsjúkdóms. Menntun með stuðningi bætir möguleika á því að hefja nám og halda áfram námi í menntastofnunum.

Í lok verkefnisins mun ELECT setja saman tilraunanámskeið í menntun með stuðningi þar sem tekin verður saman og nýtt öll reynsla úr verkefninu og bráðabirgðaniðurstöður þess.

STARFSEMI

ELECT verkefnið mun:

- Skilgreina námsmarkmið og þarfir klúbbhúsfélaga og finna námsleiðir fyrir hvern og einn
- Bæta grunnkunnáttu og námstækni nemenda með því að virkja þá og hvetja til að sækja stutt námskeið (t.d. í starfsráðgjöf, upplýsingatækni og tungumálum)
- Gera áætlun um og skipuleggja tvö evrópsk fjarkennslunámskeið sem fara fram í gegnum tölvu
- Próa safn aðferða í menntun með stuðningi í samvinnu við menntastofnanir
- Bæta samvinnu og tengsl á milli námssamfélaga klúbbhúsanna og menntastofnana
- Gera áætlun og skipuleggja tilraunanámskeið í menntun með stuðningi, og semja námsefni í menntun með stuðningi fyrir klúbbhús

Flestir sem þjást af andlegri vanheilsu af og til vilja vinna og stunda nám. Fram kom í skýrslu sem birt var í Bretlandi að nærri 70% þeirra langar til að sækja menntun eða þjálfun en aðeins 18% eru í einhverju námi.

Bob Grove, Jenny Secker og Patience Seebohm [útgefendur]: „New thinking about Mental Health and Employment“. Radcliffe Publishing, Oxford 2005.





NIÐURSTÖÐUR

- Námssamfélög klúbbhúsa
– Skýrsla um góðar vinnuaðferðir
- Greinargerð um aðferðir í menntun með stuðningi
– Aðstoð við að stunda nám í menntastofnunum fyrir fólk sem er að ná sér eftir geðsjúkdóma
- Tvö evrópsk fjarkennslunámskeið sem fara fram í gegnum tölvu
- Tilraunanámskeið í menntun með stuðningi fyrir þjálfara og jafningjaþjálfara í klúbbhúsum
- Námskeiðsefni í menntun með stuðningi fyrir evrópsku klúbbhúsin
- Fimm alþjóðlegir verkefnafundir
- Vefsíða, fréttabréf, bæklingar (á sjö tungumálum)
- Matsskýrsla
- Bráðabirgða- og lokaskýrsla

(Allar skýrslur skal gefa út á ensku. Samantektir skýrslna verða þýddar yfir á ýmis tungumál.)

SAMSTARFSaðILAR

- STAKES – Rannsókn- og þróunarmiðstöð fyrir velferð og heilsu ● Finnland
Sænsku klúbbhúsasamtökin ● Svíþjóð
Dönsku klúbbhúsasamtökin ● Danmörku
Mosaic klúbbhúsið, alþjóðleg þjálfunarstöð ● Stóra Bretlandi
Ersta Sköndal háskólinn ● Svíþjóð
Þýskumælandi klúbbhúsasamtökin ● Þýskaland
Finnsku klúbbhúsasamtökin ● Finnland
Klúbbhúsið í Osló ● Noregur
Klúbburinn Geysir ● Ísland
Klúbbhúsið í Helsinki, alþjóðleg þjálfunarstöð ● Finnland
Klúbbhúsið í Malmö, alþjóðleg þjálfunarstöð ● Svíþjóð
Skosku klúbbhúsasamtökin ● Stóra Bretland
ICCD – Alþjóðleg þróunarmiðstöð klúbbhúsa ● Bandaríkin



SÍMI OG NETFANG VERKEFNISSTJÓRANS

STAKES – National Development and Research Centre for Welfare and Health

Inclusive employment Initiatives Group

P.O.Box 220

Lintulahdenkuja 4 (Street address)

FI-00531 Helsinki, Finland

TENGILIÐIR

Verkefnastjóri

Ville Grönberg

Sími +358 9 3967 2130

Gsm-númer +358 400 259 029

Meili ville.gronberg@stakes.fi

Deildarstjóri

Esko Hänninen

Sími +358 9 3967 2611

Gsm-númer +358 40 503 7095

Meili esko.hanninen@stakes.fi

www.stakes.fi

www.elect-project.eu

graphic design Workshop Pälviä Oy

printing Aksidenssi Oy, Helsinki, Finland 5/2008